

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.10.2022  
Tilvísun: 20221003704

### **Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (reiknað endurgjald). - þskj. 18, 18. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 13. október 2022 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), ákvæðum um skyldu einstaklinga til að reikna sér endurgjald vegna umsýðunar og umsýslu með fjárfestingum í eigin félagi og jafnframt er lögð til breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sem er sama eðlis.

Grundvallarákvæðið um reiknað endurgjald og sköttunarheimild þess til tekjuskatts er 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar útsvar. Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Samkvæmt fyrrnefndu ákvæði tsl. ber þeim manni, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Samkvæmt 4. mgr. 58. gr. tsl. skulu ákvæði 1. og 2. mgr. greinarinnar gilda um starf á vegum lögaðila, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

Ákvæði laga um reiknað endurgjald hafa að mörgu leyti verið erfið í framkvæmd og tilefni fjölmargra álita- og deilumála. Ýmis konar vandkvæði eru við að vefengja reiknað endurgjald og eru þeir bæði af efnis- og stjórnsýslulegum toga. Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra varðandi reiknað endurgjald taka mið af vinnuframlagi fyrir dagvinnu og eru þannig lágmarksviðmið fyrir fullt starf í viðkomandi starfsgrein. Þótt vinnuframlag sé langt umfram dagvinnu kann oft að reynast erfitt að sýna fram á að svo sé í raun. Sama getur átt við þegar menn halda því fram að teknanna sé aflað án þess að fullur vinnudagur búi að baki. Jafnvel með umfangsmikilli vinnu getur reynst erfitt að leiða hið rétta í ljós. Hvað varðar ákvörðun reiknaðs endurgjalds frá félagi þá beinist vefenging fjárhæðar endurgjalds að tveimur skattaðilum, launamanninum og félaginu. Þá er stjórnunarpáttur oft á tíðum verulega vanmetinn.

Þegar hafðir eru í huga þeir fjölmörgu örðugleikar við að vefengja reiknað endurgjald er ljóst að allar breytingar á því myndu verða að lokinni álagningu s.s. þegar um er að ræða mat á vinnuþætti í þágu lögaðila. Ekki verður séð að raunhæft sé að gera ráð fyrir eftirliti með staðgreiðsluskilum á tekjuárinu sjálfu.

Þrátt fyrir að þær breytingar á lagaákvæðum sem lagðar eru til í frumvarpinu dragi fram starfsemi sem réttilega sé ástæða til að beina sjónum að, telur ríkisskattstjóri að reglur um ákvörðun reiknaðs endurgjalds vegna umsjónar og umsýslu með fjárfestingum í eigin félagi þurfi að vera mun skýrari og hlutlægari svo ekki komi til fjölþættra ágreiningsmála. Hvernig sem á þetta er litið verður ekki framhjá þeirri staðreynd horft að félag sem slíkt rekur sig ekki sjálft.

Eins og áður segir er það meginreglan að reiknað endurgjald sem maður skal telja sér til tekna sé eigi lægra en það endurgjald sem hann hefði fengið ef hann hefði innt starfið af hendi fyrir óskyldan aðila. Með vísan til þeirra vandkvæða sem tíunduð hafa verið að framan, og með hliðsjón af eðli þeirrar starfsemi sem frumvarpinu er ætlað að taka til, verður að telja að þau tilvik þar sem framtalið reiknað endurgjald orkar tvímælis verði fjölmörg. Hætta er því á að fram talið reiknað endurgjald verði oft óverulegt þrátt fyrir mikil viðskipti og umtalsverðar fjárfestingar. Það er mat ríkisskattstjóra að til að koma í veg fyrir að eigendur fjárfestingafélaga komist hjá því að reikna sér eðlilegt endurgjald, þurfi reglurnar að vera hlutlægar og einfaldar. Setja þarf þannig reglur sem ekki byggja fyrst og fremst á vinnuframlagi við aðstæður sem þessar, þ.e. tilfallandi fjárfestingar, þar sem erfitt kann að reynast að finna samanburð við launamann sem hefur að aðalstarfi að sinna fjárfestingum eða stýra sjóðum í annarra þágu. Ef meginreglan um vinnuframlag og ákvörðun þess m.v. tímaviðmun er ráðandi við ákvörðun reiknaðs endurgjalds við þær aðstæður sem í frumvarpinu greinir, verður framkvæmdin erfið eða allt að því óframkvæmanleg.

Að öðru leyti sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra



Elín A. Arthursdóttir



Jón Á. Tryggvason